

Nd. **455. Frumvarp til laga** [219. mál]
um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar.

2. gr.

Í stað „134. gr.“ í 14. gr. laganna komi: 128. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands skal við kjör forseta fara eftir gildandi kjörskrár yfir alþingiskjösendur. Á þeim tíma, er þau lög voru sett, voru kjörskrár til alþingiskosninga samdar árlega, en nú hefur lögum um kosningar til Alþingis verið breytt á þann veg, að kjörskrár eru aðeins samdar, þá er alþingiskosningar eiga fram að fara. Er því nauðsynlegt að breyta ákvæðum laganna um framboð og kjör forseta Íslands þannig, að kjörskrá verði ætíð til taks, þegar kjör skal fara fram.

Í 2. gr. frv. er breytt tilvísun í lög um kosningar til Alþingis, þar sem tilsvareandi ákvæði er nú í 128. gr. laga nr. 52/1959 í stað 134. gr. laga nr. 80/1942.